

Núverandi byggingarheimildir:

5.gr. – Göngustígar munu tengja saman ólíka hluti sumarbústaðasvæðisins. Þeir skulu vera minnst 1,5m breiðir og liggja sem næst því sem sýnt er á uppdrætti. Kostnað við gerð þeirra bera landeigendur og skulu stígarnir gerðir eftir því sem landið byggist og þörf er á. Þeim skal þó lokið innan 5 ára frá fyrstu úthlutun bústaða.

8. gr – Kalt vatn fæst úr kaldavatsnsgeymi á Torfustaðaheiði. Lögn skal valda lágmarks jarðraski. Frá dreifikistu skal vatnið leitt að lóðarmörkum leigutaka. Gerð og þjónustu við vatnsveitu skulu landeigendur kosta að öllu leiti og teljast þeir því að fullu eigendur hennar.

9. gr. – Hægt er að fá heitt vatn, t.d. efá Efri Reykjum. Gerð og þjónustu við hitaveitu kosta lagutakar að öllu leiti og teljast því að fullu eigendur hennar. Komi til að lögð verði hitaveita skal hagsmunafélag svæðisins setja ákveðnar reglur varðandi réttindi, eignarhald o.s.frv.

12. gr. – Sumarhús skulu vera á einni hæð en með heimild fyrir sveefnlofti. Húsin skulu vera vönduð að gerð og skal stærð þeirra að jafnaði ekki fara upp fyrir 80 m² að grunnfleti. Húsin skulu byggð úr timbri og klædd með timbri. Þakform skal vera ris með 15-30° halla. Mesta mænishæð frá gólfplötu má vera 4m. Mesta mænishæð frá jörðum má vera 5m. Mænisstefna skal vera næst því sem sýnd er á uppdrætti.

15. gr. – Leikutaki sér sjálfur um að koma sorpi í gám á gámasvæði. Gámar skulu tæmdir á vegum Biskupstungnahrepps.

Heimildir eftir breytingu:

5.gr. – Göngustígar munu tengja saman ólíka hluti sumarbústaðasvæðisins. Þeir skulu vera minnst 1,5m breiðir og liggja sem næst því sem sýnt er á uppdrætti. Kostnað við gerð þeirra bera landeigendur og skulu stígarnir gerðir eftir því sem landið byggist og þörf er á.

8. gr. – Kalt vatn kemur frá vatnsveitu Bláskógabyggðar.

9. gr. – Hægt er að fá heitt vatn frá Tjarnarveitu.

12. gr. – Á hverri lóð er heimilt að byggja frístundahús, gestahús og geymslu. Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar. Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03, nema á lóðum sem eru minni en 0,3 ha að stærð, þar er leyfilegt byggingarmagn 100 m². Heildar byggingarmagn á lóðum skal aldrei fara yfir 500 m². Leyfileg mænishæð er allt að 6,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Þakhalli getur verið á bilinu 0 ? 45 gráður.

15. gr. – Um sorphirðu, verður farið eftir reglum sveitarfélagsins á hverjum tíma. Sbr. flokkun og losun.

Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð
skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er varðar breytingu á deiliskipulagi
var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1.2.2023

Tillagan var auglýst frá: 23. mars 2023

Með athugasemdafrest til: 5. maí 2023

Birt í B-deild stjórnartíðinda þann _____ 2022

Fh. Grímsnes- og Grafningshrepps

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU